

Tilmæli 9/2021/velfærd D 2021

Fyrri skjalsnúmer	A 1837/velfærd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um **The Global Gag Rule – tilmæli 9/2021**

Tillaga

Norræna velferðarnefndin

Norðurlandaráð skrái hjá sér svar við tilmælum 9/2021 um The Global Gag Rule og telji *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Forsendur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að taka afstöðu gegn The Global Gag Rule;

að að efla norrænt samstarf um alþjóðaverkefni í þágu kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda kvenna.

Svör frá norrænu ríkisstjórnunum

Finnlandi, sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2021, bárust fyrir hönd norrænu ríkisstjórnanna tilmæli Norðurlandaráðs 9/2021 um The Global Gag Rule.

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að þær taki afstöðu gegn The Global Gag Rule og efla norrænt samstarf um alþjóðaverkefni í þágu kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda kvenna.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja tilmæli Norðurlandaráðs um The Global Gag Rule mikilvæg, en í ljósi þess að Biden forseti afturkallaði tilskipunina í ársbyrjun 2021 er ekki lengur ástæða til að taka afstöðu gegn henni.

Málið mætti taka upp að nýju ef tilskipunin The Global Gag Rule verður aftur innleidd að nýju.

Norðurlöndin vinna að því að efla réttindi stúlkna og kvenna á Norðurlöndum og alþjóðlega. Samkvæmt norrænu ríkisstjórnunum eiga allar stúlkur og konur heims að njóta þeirra grundvallarmannréttinda sem felast í ákvörðunarrétti um eigið líf og eigin líkama, frjósemi og kynferði. Mikilvægt er að stúlkum og konum bjóðist frjósemis- og kynheilbrigðisþjónusta af háum gæðum þar sem mismunur er bönnuð við hvers konar aðstæður, einnig á áttaksvæðum.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja að öflugt norrænt samstarf í alþjóðlegum verkefnum í þágu frjósemi og kynheilbrigðis og -réttinda kvenna sé nauðsynlegt og mikilvægt. Norðurlöndin eiga náð og afar virkt samstarf á alþjóðavettvangi. Sameiginlegt markmið norrænu ríkisstjórnanna er að halda samstarfinu áfram með öflugum hætti einnig í framtíðinni.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin telur svar Norrænu ráðherranefndarinnar vera fullnægjandi og fagnar því að hún telji öflugt norrænt samstarf á alþjóðavettvangi í þágu réttinda kvenna, þar á meðal frjósemi- og kynheilbrigðist vera nauðsynlegt og mikilvægt.

Nefndin vill bæta eftirfarandi við:

Sótt er að réttindum kvenna um allan heim, meðal annars ákvörðunarrétti þeirra yfir eigin líkama. Norrænt samstarf á alþjóðlegum verkefnum í þágu réttinda kvenna á því afar réttmætt og ber að efla enn frekar ef unnt er.

Nefndin vill samtímis undirstrika að þrátt fyrir að lög um þungunarrof séu yfirleitt strangari í öðrum löndum megi það ekki skyggja á konur á Norðurlöndum sem hafa ekki frjálstan aðgang að þungunarrofi.

Nefndin vill senda skýr skilaboð til Norðurlandanna um að frelsi til þungunarrofs eigi og skuli gilda hvarvetna á Norðurlöndum.

Nefndin telur því að *afgreiðslu* á svári við tilmælum 9/2021 um The Global Gag Rule sé *lokið* af hálfu ráðsins.

Norden den 25. januar 2022

Abbas Razvi (RV)
Angelika Bengtsson (SD)
Atte Kaleva (saml)
Cassandra Sundin (SD)
Eva Lindh (S)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)
Jenni Pitko (gröna)
Kathy Lie (SV)

Kjerstin Wøyer Funderud (Sp)
Maria Strömkvist (S)
Per-Arne Håkansson (S)
Tobias Drevland Lund (Partiet Rødt)
Tone Wilhelmsen Trøen (H)
Truls Vasvik (A)
Wille Valve (M)

